

Héraðslæknar og prestar taka greiðslur fyrir embættisverk samkvæmt gjaldskrá, er hlutaðeigandi ráðherrar setja. Um leið og gjaldskrá er sett fyrir héraðslækna, skal semja við Læknafélag Íslands um afslátt, þegar sjúkrasamlag annast greiðslu. Gjaldskrár þessar skal endurskoða, þegar ástæða þykir til, í fyrsta sinn þegar eftir gildistöku laga þessara. 60
12. marz

38. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numinn II. kafli laga nr. 71 28. nóv. 1919, um laun embættismanna, launaákvæði laga nr. 75 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra, svo og öll önnur lagaákvæði, er fara í bága við lög þessi.

39. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1945.

40. gr.

Bráðabirgðaákvæði.

Þar til sett hafa verið lög um réttindi og skyldur embættismanna og starfsmanna hins opinbera, skal ríkisstjórnin setja með reglugerð ákvæði um vikulegan vinnutíma starfsmanna ríkisins í sem fyllstu samræmi við það, sem gildir í hverri starfsgrein í árslok 1944.

Ráðningu starfsmanna skal einnig þennan tíma hagað á sama hátt og verið hefur hjá hlutaðeigandi stofnunum.

Launauppbætur greiddar árið 1944 skulu einnig greiðast á árinu 1945, þar til lög þessi öðlast gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. marz 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 100 23. júní 1936, um stýrimannaskólann í Reykjavík. 61
12. marz

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Orðin „hið minna og meira“ í 1. gr. laganna falli niður.

2. gr. sömu laga skal orða þannig:

Skólinn starfar í þremur deildum, tveggja ára deild fyrir fiskimannapróf, þriggja ára deild fyrir farmannapróf og auk þess í sérstakri deild fyrir skipstjóra-
próf á varðskipum ríkisins.

2. gr.

4. gr. laganna skal orða þannig:

Í skólanum skulu vera þessi burtfarapróf: Fiskimannapróf, farmannapróf og skipstjóra-
próf á varðskipum ríkisins.

5. gr. laganna skal orða þannig:
Til fiskimannaprófsins útheimtist:

I. *Stærðfræði* (skrifleg):

1. Í reikningi: Kunnátta í fræðinni um heilar tölur, almenn brot, tuga-brot, hlutföll talna, veldi og rót og notkun logaritma.
2. Í flatarmálsfræði: Beinarnir línur, horn, hringurinn, marghyrningur, sporbaugur, reglur um hliðar og horn í þríhyrningum og samhliðungum, réttthyrndur þríhyrningur, einslaga og samfalla þríhyrningar, flatarmál hrings og marghyrninga, uppdráttur og útreikningur flatarmáls einföldustu flata.
3. Í þríhyrningafræði: Þekking á grundvallaratriðum þríhyrningafræðinnar og á útreikningi flatra réttthyrndra þríhyrninga samkvæmt henni.
4. Í rúmfræði: Útreikningur rúmtaks ferstrendings og sívalnings.

II. *Siglingafræði* (skrifleg og munnleg):

1. Þekking á jarðhnettinum, lögum hans og stærð, bauganeti hans, lengd og breidd; kompáslinur og kompásstrik.
2. Þekking á kompásnum og notkun hans, á misvísun og halla (inklination), segulskekkju og hvernig hún verður fundin með jarðlægum athugunum; þekking á hallasegulskekkju; kunna að finna misvísun eða segulskekkju með viks-(amplitude-)athugun sólar og með azimutathugun sólar eða stjarna og staðarákvarðana með radiomiðunum.
3. Þekking á sjókortum, innihaldi þeirra og notkun; að búa til vaxandi kort.
4. Þekking á skriðmæli, vegmæli, grunn- og djúplóði; þekking á leiðar-reikningi, straumi, drift; að setja stefnu skipsins og að finna stað skipsins í kortinu.
5. Þekking á dagbókarhaldi; kunna að finna, hvenær flóð verður og fjara.
6. Þekking á sextanti og notkun hans.
7. Þekking á himinhvolfinu og daglegri hreyfingu þess, á bauganeti þess, á því að ákveða afstöðu himinhnatta, á sólinni og hreyfingu hennar.
8. Þekking á mælingu tímans og skiptingu hans.
9. Kunna að finna ristíma, hágöngutíma og hvarftíma himinhnatta.
10. Þekking á hæðarleiðréttingum himinhnatta og að kunna að finna breiddina með athugun sólar eða fastastjörnu í hádegisbaug.

III. *Sjómennska* (munnleg og verkleg):

1. Þekking á alþjóðlegum siglingareglum og neyðarbendingum og á bjargtækjum og notkun þeirra.
2. Þekking á notkun alþjóða-merkjabókar og að geta lesið og gefið ljós- og hljóðmerki eftir Morse-stafrófi.
3. Þekking á hirðingu og meðferð á skipum, siglum, reiða, seglum, köðlum og vírum og samsetningu þeirra og öðru, sem þar að lýtur, enn fremur meðferð og hirðingu veiðarfæra.

Auk þess er nemendum skylt að hlýða á fyrirlestra í almennri sjómennsku.

IV. *Íslenzka* (skrifleg og munnleg):

Að hafa lesið að minnsta kosti 100 bls. í 8 bl. broti í lausu máli og ljóðum og geta skýrt það nokkurn veginn. Efnið skal þannig valið, að nemendur læri sem flest orð og orðatiltæki, er að sjómennsku lúta. Nemendur skulu kunna nokkurn veginn lögskipaða réttitrun og geta samið stutta ritgerð um einfalt efni, þannig að orðfæri sé sæmilegt og lesmerki rétt sett.

V. *Danska* (munnleg):

61

Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 100 bls. í 8 bl. broti í lausu máli og ljóðum, sérstaklega um líf og störf sjómanna, og að geta talað dönsku nokkuð, einkum um það, er snertir sjómennsku. 12. marz

VI. *Enska* (munnleg):

Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 100 bls. í 8 bl. broti, einkum um sjómennsku, og geta talað ensku nokkuð, einkum um það, er gerist á sjó.

VII. *Sjóréttur* (munnlegur):

Að þekkja helztu lagaákvæði, er snerta rétt og skyldur skipstjóra.

VIII. *Hjúkrunarfræði* (munnleg):

Að hafa fengið yfirlit yfir það helzta, er stendur í lækningabókum sjómanna, og sé einkum lögð áhersla á þessi atriði:

1. hjálp í viðlögum við slysfarir og algengustu sjúkdóma;
2. samræðissjúkdóma og varnir gegn þeim;
3. næma sjúkdóma og sóttvarnarreglur, sem skipum er skylt að hlýða;
4. almennar heilbrigðis- og þrifnaðarreglur í skipum, hirðingu þeirra og umgengni, matvæli og fæði skipverja.

IX. *Vélfræði* (munnleg):

Einföldustu atriði mótórfræðinnar ásamt yfirliti yfir algengustu vélar, notkun þeirra, umhirðu og eldsneyti.

X. *Bókhald*:

Að kunna það bókhald, er staðan útheimtir.

Auk þess er nemendum skylt að hlýða á fyrirlestra í veðurfræði.

4. gr.

6. gr. laganna falli niður, og greinatalan breytist eftir því.

5. gr.

7. gr. laganna, sem verður 6. gr., breytist sem hér segir:

- a. Alls staðar þar, sem orðin „meira fiskimannapróf“ koma fyrir í greininni, falli orðið „meira“ ásamt ákveðna greininum niður.
- b. Orðin „að búa til vaxandi kort“ í kaflanum um siglingafræði falli niður.
- c. Í stað orðsins „segulskekkjumælinum“ komi: stefnumagnsmælinum.
- d. Aftan við kaflann komi ný málsg., svo hljóðandi:

Þekking á stórbaugskortum og siglingu eftir stórbaug.

- e. Aftan við greinina komi ný málsgrein, er hljóði svo:

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum skólustjóra, að ákveða, að aðeins skuli kennd tvö af hinum erlendu tungumálum til farmannaprófs.

6. gr.

Í stað orðanna í 10. gr. laganna „er segir í 1.—5. lið 12. gr. þessara laga“ komi: er segir í 1.—5. lið 11. gr. þessara laga.

7. gr.

11. gr. laganna, sem verður 10. gr., orðist þannig:

Þeir, sem staðizt hafa burtfararpróf við stýrimannaskólann, skulu fá prófskírteini, er sýni aðaleinkunn þeirra og séreinkunnir.

Prófskírteinin skulu gefin út á islenzku og að minnsta kosti einu stórbjóðamáli.

61

12. marz

8. gr.

15. gr. laganna, sem verður 14. gr., orðist þannig:
Við stýrimannaskólann skulu auk skólastjóra vera að jafnaði þrjú skipaðir kennarar, tveir kennarar í siglingafræði og tungumálakennari, og stundakennarar eftir þörfum.

Laun fastra kennara við skólann skulu ákveðin í launalögum.

9. gr.

16. gr. laganna, sem verður 15. gr., breytist sem hér segir:
Í stað „aðstoðarkennari“ komi: fastur kennari.

10. gr.

19. gr. laganna, sem verður 18. gr., orðist þannig:
Námskeið, er veiti þá fræðslu, sem þarf til þess að öðlast skipstjórnarréttindi samkv. 4. gr. l. nr. 104 frá 1936, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum, með áorðnum breytingum, og þá fræðslu, sem þarf til þess að setjast í II. bekk í fiskimannadeild stýrimannaskólans í Reykjavík, skal atvinnumálaráðuneytið fela skólastjóra stýrimannaskólans að láta halda á eftirfarandi stöðum, þegar næg þátttaka er fyrir hendi: Á Ísafirði, Akureyri, Norðfirði og í Vestmannaeyjum.

Námskeiðin skulu haldin annað hvert ár á hverjum stað, en þó eigi nema á tveim stöðum sama árið. Skulu þau standa yfir frá byrjun októbermánaðar og eigi skemur en til janúarloka. Heimilt er að hafa námskeiðin á öðrum tíma árs, en jafnan skulu þau standa yfir minnst 4 mánuði.

Í reglugerð skal ákveðið nánar um þátttöku, inntökuskilyrði, kennslufyrirkomulag og próf við námskeiðin, en verkefni til prófs, sem réttindi veitir til II. bekkjar stýrimannaskólans, skulu send frá stýrimannaskólanum í Reykjavík og úrlausnir dæmdar þar.

Kostnaður við námskeiðin greiðist úr ríkissjóði.

11. gr.

Í stað 20. gr. laganna, sem verður 19. gr., komi eftirfarandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Í næstu 5 ár, eftir að stýrimannaskólinn hefur fengið til þess nægan húsakost, skal þeim, er lokið hafa hinu minna fiskimannaprófi samkv. lögum nr. 104 frá 1936 eða smáskipaprófi samkv. lögum nr. 40 frá 1922, gefinn kostur á að ganga undir sérstakt próf við stýrimannaskólann í Reykjavík, er veiti sömu réttindi og fiskimannapróf, enda fullnægi þeir ákvæðum laga um siglingatíma og hafi náð 30 ára aldri.

Próf þetta nefnist fiskiskipapróf, og setur atvinnumálaráðherra um það reglugerð að fengnum tillögum skólastjóra stýrimannaskólans í Reykjavík og fulltrúa frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 37 30. júní 1942.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

14. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 100 23. júní 1936 og gefa þau út svo breytt.

61

12. marz

Gjört í Reykjavík, 12. marz 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

um veltuskatt.

62

12. marz

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Einstaklingar og félög, sem hafa með höndum skattskyldan atvinnurekstur, skulu greiða skatt í rikissjóð af veltu ársins 1945 eftir reglum þeim, sem settar eru í lögum þessum.

2. gr.

Velta merkir í lögum þessum heildarandvirði seldrar vöru og þjónustu, hverju nafni sem nefnist, án frádráttar nokkurs kostnaðar, þar með talið andvirði vöru seldrar í umboðssölu að tilboðasöfnun meðtalinni, úttekt eigenda og skipti gegn vöru eða þjónustu. Sala fasteigna, skipa, einkaleyfa, verðbréfa, krafna eða annarra slíkra verðmæta og iðgjaldatekjur váttryggingafélaga teljast þó ekki velta í þessu sambandi og ekki heldur sala eigin vinnu. Til veltu telst hins vegar andvirði vinnu, sem seld er með álagningu (smíði, viðgerðir o. þ. h.), andvirði vinnu, sem gjaldandi hefur umsjón með gegn álagningu (málun, raflögn, trésmíði o. þ. h.), greiðslur til verk-taka, flutningsgjöld og afgreiðslugjöld, heildartekjur prentsmiðja, bókaútfenda, þvottahúsa, fatapressana, rakara- og hárgreiðslustofa og þess háttar fyrirtækja, sala klæðskeraverkstæða og saumastofa, sala matsölu- og veitinga- og gistihúsa, aðgangs-eyrir að skemmtunum, sem skemmtanaskattur er greiddur af, og yfirleitt heildartekjur þeirra fyrirtækja, sem selja vöru, efni, vinnu eða aðra þjónustu með álagningu.

3. gr.

Skattur sá, sem um ræðir í 1. gr., skal nema sem hér segir:

1. af heildsölu- og umboðssölu $1\frac{1}{2}\%$, þó aldrei yfir 25% af fengnum umboðs-launum;
2. af smásöluveltu 1%;
3. af veltu iðju- og iðnfyrirtækja sem og allra annarra fyrirtækja, sem hafa gjaldskylda veltu samkvæmt 2. gr., 1%.
Eigi skal þó greiða skatt af veltu þeirri, sem hér segir:
 1. a. andvirði vöru, sem seld er úr landi;
 - b. andvirði mjólkur og mjólkurafurða, kjöts, nýs, frosins, reyktis og saltaðs, fisks, nýs, frosins og saltaðs, að sild meðtalinni, þegar vörur þessar eru seldar af framleiðanda þeirra eða í heildsölu;
2. veltu þeirra, sem eru ekki bókhaldsskyldir, sbr. lög um bókhald, nr. 60 11. júní 1938.